



ÞORRABLÓTIÐ

Það verður **EKKI** hefðbundið þorrablot 5. febrúar. Mögulega gerum við einhvern tímann eitthvað rafrænt..... Þá auglýst á svalbó-allskonar og heimasíðu hreppsins. Nefndin

ÚTIVISTARVAL Í VALSÁRSKÓLA

Eins og undanfarin ár er starfandi útivistarval sem ein af valgreinum fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Helstu markmið með þessari valgrein er að kynna fyrir nemendum fjölbreyttar leiðir til að njóta útivistar fyrir eigin heilsuefningu ásamt því að geta sýnt ábyrgð í útivist og gengið vel um umhverfið. Fyrir ferðirnar æfast nemendur í að velja útbúnað sem hæfir því sem við erum að fara að gera. Einnig fá nemendur að kynnast kortalestri og notkun á GPS. Í haust fórum við í fjallgöngu á Miðvíkurfjall og 17.-18. september fórum við í skemmtilega ferð í Flateyjardal þar sem við gistum í skálanum í Heiðarhúsum. Hefðbundin jólaferð var svo farin í Mývatnssveit þar sem ýmsar náttúruperlur voru skoðaðar og jólakortamyndir teknar. Áður en haldið var heim á leið var skolað af sér í Jarðböðunum.

Á vormisseri stefnum við að því að prófa að fara á gönguskíði, skíðasvæðið á Dalvík og klifurveginn á Hjalteyri svo eitthvað sé nefnt.

Einar Bjarki kennari



Að undanförunu hafa krakkarnir í 9. og 10. bekk verið að læra um ýmsar gerðir bókmennta í íslensku. Þar á meðal eru örsögur sem eru eins og nafnið ber með sér mjög stuttar sögur.

Sú sem hér fer á eftir er spunaörsaga og er samin af öllum 11 nemendum. Ritunin fór þannig fram að hver og einn nemandi samdi eina málsgrein. Síðan tók sá næsti við og svo koll af kolli, alls tvær umferðir, eftir að dregið hafði verið um röð nemenda.

Krakkinn sem lyktaði illa

Stutt tragikómedía eftir 9. og 10. bekk

Einu sinni var stelpa sem hét Sara. Vandamál hennar var að hún lyktaði illa. Hún nennti aldrei í sturtu eftir íþróttir. Það vildi enginn vera með henni í skólanum af því að það var svo vond lykt. Þegar hún kom heim leið henni illa. Svo ætlaði hún að halda afmæli. Og enginn kom nema amma hennar. Þegar amma hennar labbaði inn dó hún út af svitalykt Söru. Úr veskinu hennar datt þá svitalyktareyðir. Hún setti svitalyktareyðir á sig og amman lifnaði við. Svo fékk amman hjartaáfall og dó. Sara fór að gráta og hún knúsaði ömmu sína og hún fékk viff af hvernig hún lyktaði og amman lifnaði við. Amman fékk síðan aftur hjartaáfall og dó fast. Næsta dag fór Sara í skólann og stofan var skreytt með svitalyktareyðum. Og allir vildu vera með henni og vinum hennar. Kennarinn samþykkti hana út af nýju lyktinni hennar. Síðan kom hin amman hennar og dó því henni fannst svitalyktin of góð. Söru var alveg sama vegna þess að hún átti loksins vini. Amman var brennd og enginn minntist meira á neina ömmu.

Endir

NÆSTU RUSLADAGAR

- 20. janúar - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
- 3. febrúar - Almenn/lífrænt sorp
- 17. febrúar - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 17. febrúar
Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 15. febrúar.
Efni sendist á sandra.einars@gmail.com.